



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

**Hlaða, miða, skjóta**

**Myndavélin sem skotvopn?**

Ninna Björk Ríkharðsdóttir

**Lokaverkefni til BA-prófs**

**Listaháskóli Íslands**

**Hönnunardeild**

**Haustönn 2022**



# **Hlaða, miða, skjóta**

## **Myndavélin sem skotvopn?**

Ninna Björk Ríkharðsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í Grafískri hönnun

Leiðbeinandi: Adam Flint Taylor

Grafísk hönnun

Hönnunardeild

Haustönn 2022

Ritgerð þessi er 8 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í Grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Útdráttur

Í þessari BA ritgerð eru sameiginlegir eiginleikar skotvopna og myndavéla skoðaðir og er leitast við að svara spurningunni um hvort að myndavélin geti í raun verið talin sem skotvopn. Þróunarsaga skotvopna er rakin út frá fyrstu fjöldaframleiddu byssunni og sögu skreytinga á skotvopnum. Þaðan er birtingarmynd skotvopna í nútímanum skoðuð, með áherslu á heimagerð skotvopn. Tilgangur myndavéla er rannsakaður út frá hugmyndum um notkun á skotvopnum, þar sem farið er inn á siðferði og myndavélina sem valdeflandi fyrirbæri. Raðljósmyndabyssan, og áhrif hennar og hönnuðar hennar, á listheiminn eru skoðuð. Skotvopn og myndavélar eru sett undir sameiginlega smásjá þar sem rannsakað er eiginleika þeirra og virkni. Í ritgerðinni er ýmist notast við ritaðar heimildir og persónulega rannsóknarvinnu, þar sem skotvopn og myndavélar hafa verið tekin í sundur og sett saman á ný, auk þess að einstaka hlutir úr báðum þeirra eru bornir saman og og greindir. Myndavélar og skotvopn eiga margt sameiginlegt og hafa þróast samhliða hvoru öðru í gegnum aldirnar. Báðir hlutir hafa svipaða virkni og veita báðir vald. Bæði skotvopn og myndavélar taka mikið pláss innan nútímasamfélags og geta bæði verið notuð sem vopn. Loks er komið að niðurstöðu að myndavélar geta verið taldar sem skotvopn.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Inngangur .....	6
1. Saga skotvopna – stiklað á stóru.....	8
1.1 Hakabyssan.....	8
1.2 Viltu byssu? Hvað má bjóða þér?.....	10
1.3 Do it yourself .....	12
2. Tilkoma myndavélarinnar .....	14
2.1 Af hverju tókum við myndir og af hverju? .....	14
2.2 Siðferði og ljósmyndun .....	16
2.3 Vopnavæðing myndavéla? .....	16
3. Samtvinning .....	18
3.1 Byssur sem taka myndir og áhrif þeirra á listheiminn.....	18
3.2 Beinagrindin .....	20
Lokaorð.....	23
Heimildaskrá .....	25
Myndaskrá .....	27

## Útdráttur

Í þessari BA ritgerð eru sameiginlegir eiginleikar skotvopna og myndavéla skoðaðir og er leitast við að svara spurningunni um hvort að myndavélin geti í raun verið talin sem skotvopn. Þróunarsaga skotvopna er rakin út frá fyrstu fjöldaframleiddu byssunni og sögu skreytinga á skotvopnum. Þaðan er birtingarmynd skotvopna í nútímanum skoðuð, með áherslu á heimagerð skotvopna. Tilgangur myndavéla er rannsakaður út frá hugmyndum um notkun á skotvopnum, þar sem farið er inn á siðferði og myndavélina sem valdeflandi fyrirbæri. Raðljósmyndabyssan, og áhrif hennar og hönnuðar hennar, á listheiminn eru skoðuð. Skotvopn og myndavélar eru sett undir sameiginlega smásjá þar sem rannsakað er eiginleika þeirra og virkni. Í ritgerðinni er ýmist notast við ritaðar heimildir og persónulega rannsóknarvinnu, þar sem skotvopn og myndavélar hafa verið tekin í sundur og sett saman á ný, auk þess að einstaka hlutir úr báðum þeirra eru bornir saman og og greindir. Myndavélar og skotvopn eiga margt sameiginlegt og hafa þróast samhliða hvoru öðru í gegnum aldirnar. Báðir hlutir hafa svipaða virkni og veita báðir vald. Bæði skotvopn og myndavélar taka mikið pláss innan nútímasamfélags og geta bæði verið notuð sem vopn. Loks er komið að niðurstöðu að myndavélar geta verið taldar sem skotvopn.

## Inngangur

Skotvopn hafa verið hluti af lífi mínu allt frá því að ég man eftir mér á einn máta eða annan, hvort sem það var að leika í „byssó“ út í móa með vinum mínum sem barn, eða pabbi að draga fyrsta kærasta minn inn í geymslu til að sýna honum rifflana sína. Ég ólst upp í Vogum á Vatnsleysuströnd, litlum smábæ á Suðurnesjunum. Ég hafði ekki mjög sterkar skoðanir á skotvopnum sem barn, þar sem þetta var umhverfið sem ég ólst upp í. Vogar eru hinn fullkomni staður til að endurskapa hina ýmsu vígvelli. Þangað héldum við út sem börn, vopnuð dótabyssum frá Bandaríkjunum sem vinur minn fékk reglulega að gjöf frá pabba sínum. Okkur þótti þessar byssur allar mjög raunverulegar, sérstaklega eftir að við máluðum rauða endann á þeim svartan. Móinn var tilvalinn staður til að þykjast vera hermenn í stríði, þar gátum við ímyndað okkur að við lægjum í skotgröfum og miðuðum plat byssum hvert á annað þar til sólin settist, gjörsamlega ómeðvituð um það að börn á okkar aldri voru að lifa í gegnum stríðsástand í sínum raunveruleika. Okkur þótti ekkert athugavert við það að leika okkur í harmleik.

Pabbi minn er mikill byssuáhugamaður og fer reglulega á veiðar, þar sem hann veiðir allt frá rjúpum í íslenskri náttúru til villisvína í þýskum skógum. Pabbarnir í fjölskylduvinahópnum mínum buðu okkur krökkunum reglulega að koma með þeim á skotæfingavæði þar sem þeir æfðu sig fyrir veiðiferðirnar. Ég sá aldrei tilganginn í því og endaði þar með sem eina barnið (í vinahópnum) sem hafði aldrei farið með þeim að skjóta leirdúfur. Ég skaut hins vegar fyrst úr byssu á skotæfingavæði í útskriftarferðinni minni úr grunnskóla. Þar áttaði ég mig á raunverulega valdinu sem fylgir því að halda á byssu. Þrátt fyrir að hafa aldrei farið með pabba upp á skotæfingavæði hafði ég „mátað“ byssurnar hans margoft, þannig ég kippti mér ekki upp við það þegar leiðbeinandinn rétti mér riffilinn í útskriftarferðinni. Ég man samt skýrt eftir hræðslunni sem helltist yfir mig í augnablikinu sem ég togaði í gikkinn og skaftið á byssunni rykkist aftur í öxlina á mér. Ég stóð skjálfandi og ríghélt í byssuna þegar leiðbeinandinn spurði mig hlæjandi hvort ég vildi ekki reyna aftur þar sem ég hafði ekki komið nálægt því að hitta blessuðu leirdúfuna, ég svaraði honum neitandi og hef ekki skotið úr alvöru byssu síðan.

Æska mín er þó ekki einungis lituð af skotvopnum, og er ég mjög þakklát fyrir það. Mér þótti alltaf mjög skemmtilegt þegar ég fékk að taka myndir á litlu stafrænu myndavél foreldra minna, og var enn þá glaðari þegar ég fékk myndavél systur minnar lánaða í fyrstu útlandaferðina mína 2011, þar sem ég hljóp um allt Ontario fylki í Kanada með myndavélina við hendi. Ég tók myndir af öllu sem ég sá, litlum skordýrum sem finnast



ekki á Íslandi, mömmu og pabba, skrýtnum skuggum, það skipti ekki máli, ég tók mynd af því. Mér fannst ekkert meira spennandi en að geta skjalfest þessa heimsókn mína, sýnt vinum mínum hvað ég hafði séð, og geymt allar minningarnar mínar í hentugum litlum kassa. Myndirnar sem ég tók þetta sumar í Kanada eru ekki ólíkar ljósmyndunum sem ég tek í dag, snöggar og ómerkilegar hversdagsmyndir sem eiga það til að vera hreyfðar.

Ég held það líði ekki dagur þar sem ég tek ekki ljósmyndir, á þessu ári einu og sér hef ég tekið í kringum 3000 myndir, þar að undanskildum öllum myndunum og skjáskotunum sem ég hef tekið á símann minn. Mér líður eins og ég geti ekki gengið út úr húsi nema ég sé alveg örugglega með eina myndavél á mér. Þrátt fyrir að taka endalaust af myndum á ég erfitt með að láta taka myndir af mér. Í hvert skipti sem að myndavél er miðað í áttina að mér fer ég inn í mig, mér líður eins og myndavélin geti lesið mínar dýpstu hugsanir og að öll mín leyndarmál verði upplýst, þó svo þau séu nú ekki mörg.

Ég tel sjálfa mig ekki vera ljósmyndara, en get þó sagt að myndavélin er mikilvægt tól í verkfærakassa grafískra hönnuða, hún gerir okkur kleift að læra á, og skilja samsetningu (e. composition). Auk þess er hún bæði notuð í hönnuninni sjálfri sem og mikilvægur liður í að koma hönnun út í samfélagið.

Það er kannski ekki augljóst þegar litið er til þessara tveggja hluta, skotvopna og myndavéla, en báðir eiga þeir sameiginlega sögu að rekja, og er það orðaforðinn sem við notum undir báðum kringumstæðum sem er helsta vísbending þessarar sameiginlegu sögu. Við hlöðum, miðum og skjótum, hvort sem það er úr myndavél eða byssu. Það er ákveðið vald sem fylgir báðum hlutum, þú getur notað þá báða sem vopn, en skotvopn í læstum skáp og myndavél í lokaðari tösku, geta hvorug starfað ein og sér. Og því spyr ég: Er hægt að líkja myndavélum við skotvopn? Í þessari BA ritgerð mun ég reyna að komast að því hvort að myndavélin sé í raun hægt að telja sem skotvopn. Fyrsti hluti ritgerðarinnar er tileinkaður skotvopnum, þar mun ég skoða sögu skotvopna og velta fyrir mér hlutverki hönnuða í þróunarsögu skotvopna ásamt því að rýna í skotvopn í okkar nútímasamfélagi. Í öðrum hluta kem ég til með að skoða tilkomu myndavélarinnar ásamt því að skoða hvaða hlutverki myndavélin gegnir innan samfélagsins. Loks mun ég rannsaka tenginguna á milli hlutanna beggja og komast að því hvað þeir eiga sameiginlegt og hvað skilur þá að.

# 1. Saga skotvopna – stiklað á stóru

Í dag er eflaust vandasamt verk að finna einstakling sem ber enga vitneskju um hvað skotvopn eru, þar sem þeim er troðið framan í andlitið á manni frá ungum aldri. Maður elst upp í samfélagi sem feugar notkun skotvopna í gegnum kvikmyndir þar sem ofbeldi er réttlætt með því að mála upp myndina af hetjunni og illmenninu. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr eru byssur allstaðar. Í þessum kafla verður stuttlega gert grein fyrir fyrsta fjöldaframleidda skotvopninu, ásamt því að skoða hvernig skotvopn birtast okkur í nútímanum og hvaða hlutverk hönnuðir spila í framleiðslu og þróunarsögu skotvopna.

## 1.1 Hakabyssan

Með tilkomu byssupúðurs í Evrópu fóru Evrópubúar fljótt að tileinka sér leiðir til þess að nota púðrið til vopnagerðar. Púðrið sem notast var við á tímum þessum kallaðist svartpúður, Íslendingar gegndu stærra hlutverki í framleiðslu á svartpúðri en maður myndi halda. Við framleiðslu svartpúðurs þurfti gríðarlegt magn af brennisteini og sóttu stórveldi Evrópu á þessum tíma íslenskar brennisteinsnámur til að viðhalda framleiðslunni.<sup>1</sup> Fyrsta



Mynd 1: Handfallbyss



Mynd 2: Hakabyssa

fjöldaframleidda byssan var *the Arquebus*, eða hakabyssan eins og hún nefnist á íslensku, sem á rætur sínar að rekja til Evrópu á 15. öld. Áður en að hakabyssan steig fram á sjónarsviðið var notast við smærri útgáfu af fallbyssu sem kallaðist handfallbyss (e. handcannon) sem þótti heldur brussuleg og erfið í notkun,<sup>2</sup> (mynd 1) þar sem fyrst um sinn líktust hakabyssurnar fallbyssum frekar en haglabyssunum sem við þekkjum í dag.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Ólafur E., Friðriksson, *Skotveiðar í Íslenskri Náttúru* (Reykjavík: Iðunn, 1996).

<sup>2</sup> *Guns: The Evolution of Firearms*, fyrsti þáttur, „From the Invention of Gunpowder,“ Kevin R. Hershberger, leikstjóri; Baron Blakley, handritshöfundur; Coby Batty, sögumaður, frumsýnt 8. janúar, 2013, LionHeart FilmWorks, [https://www.youtube.com/watch?v=lah\\_J8Lj3eg](https://www.youtube.com/watch?v=lah_J8Lj3eg)

<sup>3</sup> Ólafur E., Friðriksson, *Skotveiðar í Íslenskri Náttúru*.

Tréstokkur var fyrsta viðbótin við handfallbyssuna og fyrsta skrefið í áttina að skotvopnum eins og við þekkjum þau í dag. Tréstokkurinn gerði það að verkum að auðveldara væri að bera byssuna á öxlinni, auk þess verndaði viðarstokkurinn skyttuna frá hitanum sem myndaðist í stálhylkinu þegar skoti var hleypt af. Á 15. öld var þessi viðarstokkur sveigður sem auðveldaði enn frekar að hvíla skotvopnið við öxlina og jafnvel krækja henni fastri við eitthvað, þetta gerði skyttunni einnig kleift að horfa niður eftir hlaupinu og miða í átt að skotmarki. Nafnið hakabyssa er einmitt dregið frá þessum viðarstokki þar sem *Arquebus* þýðir einfaldlega krókótt byssa á frönsku.<sup>4</sup> (mynd 2)

Hakabyssan var framleidd af sérstökum skotvopnasmiðum sem kölluðust *Arquebusier*, eða hakasmiðir. Svo kallaðir skotvopnasmiðir (e. gunsmith) voru ekki ólíkir öðrum, þeir voru ákveðnir listamenn, en gegndu þó einfaldari hlutverkum en hinir hefðbundnu smiðir. Þeir sérhæfðu sig í auðflytjanlegum skotvopnum, sem skeytt voru á viðarsköft. Þessir skotvopnasmiðir störfuðu í flestir í Frakklandi, þar sem franska bandalag „Arquebusier-a“ var stofnað í París árið 1575. Þar þurfti að standast kröfur, eða ákveðið próf, til þess að geta gegnt stöðu meistara hakasmiðs. Þar sem skortur var á tólum til að smíða heil skotvopn sáu þessir skotvopnasmiðir aðallega um að búa til og lagfæra mismunandi hluti á skotvopnum. Kenningar hafa verið lagðar fram um að þessi skortur á almennilegum verkfærum hafi verið komið á legg vísitandi af frönskum stjórnvöldum til þess að geta stjórnað betur framleiðslu skotvopna í Frakklandi og varast þess að skotvopnin myndu enda í röngum höndum.<sup>5</sup>

Mikilvægur hluti þess að hanna er að endurhanna, vinna að lausnum og endurbæta eitthvað þangað til að það virkar sem best á öllum sviðum. Skotvopn, líkt og aðrir hlutir sem hafa verið hannaðir, hafa verið hugsuð í þau í aldanna rás og hafa verið endurbætt oft en ég gæti nokkurn tímann ímyndað mér, allt í þágu þess að auðveldara verði að halda á, miða í átt að skotmarki, og svo loks taka skotið. Það hafa ótal klukkustundir farið í það að auðvelda bæði notkun og framleiðslu á skotvopnum, en í dag eru í kringum átta milljón smærri skotvopn framleidd árlega á heimsvísu.<sup>6</sup>

<sup>4</sup> Ólafur E., Friðriksson, *Skotveiðar í Íslenskri Náttúru*.

<sup>5</sup> „The Old Occupation of Arquebusier“, *The French-Canadian Genealogist*, sótt 11. nóvember 2022, <https://www.tfcg.ca/old-occupation-arquebusier>.

<sup>6</sup> „Killer Facts: The Scale of the Global Arms Trade“, *Amnesty International*, 22. ágúst 2016, <https://www.amnesty.org/en/latest/press-release/2016/08/killer-facts-the-scale-of-the-global-arms-trade/>.

## 1.2 Viltu byssu? Hvað má bjóða þér?

Við, sem heimssamfélag, erum komin feyki langt frá fyrstu fjöldaframleiddu byssunni, og væri hægt að líkja magni mismunandi skotvopna við úrvalið í sælgætisverslun, hvert sem þú lítur kemur þú auga á eitthvað nýtt. Þú getur í raun og veru, ef viljinn (og peningarnir) eru við hendi, sérhannað hvernig byssu sem er. Bleik og glitrandi? Ekkert mál, mynd af fyrrum Bandaríkjaforseta Donald Trump, með slagorðunum *Keep America Great*? Ekkert mál. (mynd 3)



Mynd 3: Byssa framleidd og skreytt af Razorback Armory

Til er fjöldinn allur af fyrirtækjum út í heimi sem sérhæfa sig í að sérhanna (e. customize) skotvopn. Á heimasíðu Razorback Armory, sem er bandarísk skotvopnaverslun, er til dæmis hægt að fá faglega þjónustu þar sem þú getur bæði látið sérsmíða skotvopn fyrir þig, þú getur látið móta skaftið eftir hendinni á þér svo byssan falli þægilega að lófanum, sem og sérhanna skrautið sem að á henni hvílir.<sup>7</sup> Ég hef sjálf aldrei átt skotvopn og tel mig ekki líklega til að eignast skotvopn í framtíðinni, og á því erfitt með að átta mig á tilhneigingunni til að skreyta skotvopn með persónulegum hætti, en á sama tíma sit ég og skrifa á tölvu sem þakin er límmiðum og kroti, sem er hægt að segja að sé ákveðinn stimpill um hver ég er. Þessi þörf að merkja okkur það sem við teljum okkur mikilvægast er eflaust fastur liður í okkar mannlega eðli. Ég set samt sem áður spurningamerki við það að skreyta og merkja sér hlut sem að hefur þann kost, eða kannski er réttara sagt að segja ókost, að geta orðið öðrum að skaða. Á síðu Razorback Armory má finna glaðleg og hress ummæli um þeirra þjónustu:

People love our work because we can design their gun to fit their personality and their budget. We focus the project on exactly what you need – because after all, it's your firearm, not ours. We want you to be completely delighted with your new gun!<sup>8</sup>

<sup>7</sup> „Customize Any Gun to Make It Yours | Razorback Armory | St. Louis MO“, Razorback Armory, sótt 3. október 2022, <https://www.razorbackarmory.com/gun-customization>.

<sup>8</sup> „Customize Any Gun to Make It Yours | Razorback Armory | St. Louis MO“.

Þetta eru í sjálfu sér rosa saklaus skilaboð, en aftur á móti er verið að selja fólki saklausa hugmynd um stórhættulegan grip.

Sérsniðin og skreytt skotvopn eru ekki nýtt fyrirbæri, en maðurinn hefur verið að fegra vopn í aldanna rás. Skreytingar á skotvopnum urðu gífurlega vinsælar á 16. og 17. öld þegar endurreisnin (í Evrópu) var í blússandi siglingu. Vopn voru skreytt með mikilli



Mynd 4: Skotvopn skreytt með mynstursbökk.

nákvæmni og er talið að stór hluti skotvopna sem skreytt voru á þessum tíma hafi einungis verið framleidd í þeim tilgangi að safna sem eins konar listaverkum, stöðutákn ríkustu einstaklinga samfélagsins. (mynd 4) Mynstrin sem voru notuð voru ekki ætluð skotvopnum, heldur komu þau úr eins konar mynsturbókum sem voru aðallega framleiddar í Þýskalandi og Austurríki. Skreytingar á skotvopnum fylgdu sama flæði og tísku og arkitektúr á þessum tíma og voru mynstrin að mestu fengin úr safni endurreisnarskreytinga samtímans, sem byggð voru á blóma- eða byggingarlistahönnun sem hægt er að rekja til Rómaveldis hins forna.<sup>9</sup> Tilgangur þessara skotvopna var að segja til um auð, fagurfræðilegan smekk og dýrð eigandans, ásamt því að endurspegla mikilvægi fullveldisins sem eigandinn tilheyrði.<sup>10</sup> Það mætti segja að þessi hefð að skreyta skotvopn hafi blætt áfram inn í nútímann, nema í stað þess að segja til um stöðu þína og mikilvægi, getur þú bókstaflega sagt hver þú ert sem manneskja, þín helstu áhugamál, hver þinn uppáhalds litur er, og jafnvel hvaða stjórnmálaflokk þú kýst. Það væri því hægt að segja að grafískir hönnuðir fyrri alda hafi haft gert skotvopna aðdáendum nútímans kleift að setja hvað sem er á skotvopnin sín, eins taktlaust og það getur endað.

Vopnaframleiðsla á Íslandi hefur verið lítil sem engin, en þegar 17. öldin gekk í garð vorum við nánast vopnalaust land. Danakonungur hafði óttast uppreisn gegn sér og fór þá að vinna að því að minnka dreifingu skotvopna í landinu. Talið er að byssur hafi

<sup>9</sup> J F Hayward, „The Decoration of Firearms in the Sixteenth and“, e.d., 8.

<sup>10</sup> Hayward.

fyrst verið smíðaðar hérlendis í kringum fyrri hluta 18. aldar, en hafi framleiðsla þó verið umfangslítill, þrátt fyrir vandasöm verk. Skotfæraframleiðsla hefur aftur á móti verið töluvert umfangsmeiri. Það var upp úr 19. öld sem að Íslendingar fóru að eignast skotvopn á ný í auknu mæli og hefur eignarhald skotvopna aukist gríðarlega með ári hverju. Það er þó erfitt að greina nákvæman fjölda skotvopna sem barst til landsins á árum áður, þar sem byssuinnflutningur var mældur í kílóum í stað stykkja.<sup>11</sup> Í frétt frá 2014 er getið þess að um þriðjungur Íslendinga eigi eða hafi aðgang að skotvopnum<sup>12</sup> og í rannsókn *Small Arms Survey* um fjölda skotvopna í landi hverju, sem gerð var árið 2018, kemur fram að fjöldi skotvopna á Íslandi sé 106.000 og þar af séu 33.000 þeirra óskráð skotvopn.<sup>13</sup>

### 1.3 Do it yourself

Ekki er nóg með það að þú getir látið smíða fyrir þig algjörlega sérhannaða byssu, heldur gætir þú smíðað hana sjálfur. Drauga byssur, (e. Ghost Guns) hljómar eins og eitthvað tekið beint upp úr spennutrylli, varaðu þig á ósýnilegu byssunum! En það er í rauninni nákvæmlega það sem þær eru, að vísu ekki bókstaflega ósýnilegar, en þó ósýnilegar fyrir yfirvöldum. Hér verður stiklað á stóru varðandi órekjanleg og heimagerð skotvopn og er tekið mið af heimildum frá Bandaríkjunum, þar sem löggjöf skotvopna er talsvert öðruvísi en hún er hérlendis.

DIY eða *Do it Yourself*, er hugtak sem hefur notið mikilla vinsælda á síðustu árum, hugtakið hvetur fólk til þess að gera hluti sjálf í stað þess að kaupa, og hefur verið yfirfært á allt mögulegt, þar að meðal skotvopn. Drauga byssan svo kallaða er einmitt eins konar DIY verkefni, heimagert skotvopn, samansett af öðrum en löggiltum skotvopnaframleiðanda. Helsti munurinn á Drauga byssum og öðrum skotvopnum er að það er ekki hægt að rekja þær. Til þess að gera sér grein fyrir hvernig Drauga byssur virka er mikilvægt að skilja hvernig skotvopn eru almennt hönnuð og sett saman, hér verður stuttlega farið yfir hvernig það er gert en síðar í ritgerðinni verður kafað dýpra inn í tilgang hvers og eins hluts.

Skotvopn eru byggð á tveimur megin stoðum, römmum (e. frames) eða móttakara (e. receiver), þessar tvær stoðir hýsa alla þá hluti sem þarfnast til þess að skotvopn sé nothæft, þ.e.a.s. ef þú ert með ramma eða móttakara af byssu ertu kominn með í kringum

---

<sup>11</sup> Ólafur E., Friðriksson, *Skotveiðar í Íslenskri Náttúru*.

<sup>12</sup> „Margar byssur í íslenskum undirheimum“, Kjarninn, 27. október 2014, <https://kjarninn.is/skyring/margar-byssur-i-islenskum-undirheimum-2/>.

<sup>13</sup> „Global Firearms Holdings“, sótt 1. desember 2022, <https://www.smallarmssurvey.org/database/global-firearms-holdings>.

80% af byssunni, samkvæmt ATF(e. Skrifstofa áfengis, tóbaks, skotvopna og sprengiefna) í Bandaríkjunum. Þessar byssur má selja án bakgrunnskoðunar, þar sem lagalega séð teljast þær í rauninni ekki sem byssur. Þessar ókláruðu byssur innihalda ekki rakningarnúmer og er því hægt að fjárfesta í slíkum grip án þess að fara í gegnum bakgrunnsskoðun. Þetta gerir fólki sem er ekki heimilt að kaupa skotvopn kleift að smíða sín eigin, og nota þau án þess að yfirvöld geti rekið skotvopnið aftur til þeirra.<sup>14</sup>

Þessi gríðarlega bráða þörf fyrir skotvopnum er mér mjög fjarstæð, þar sem ég bý á Íslandi og er í mikilli forréttindastöðu og sé því ekki fram á tíma þar sem ég myndi stökkva yfir hindranir til að koma höndum mínum á byssu, það er þó ekki raunveruleiki allra. Það eru margir sem að lifa í þeim aðstæðum sem að þörfin til að vernda sjálfan sig er mikil. Það að hver sem er geti keypt pakka og sett saman sitt eigið skotvopn er mér ógnvægileg tilhugsun, en það hefur mikið að segja um þróun skotvopna. Það hefur ekki einungis verið eytt tíma í að einfalda notkun á skotvopnum heldur hefur framleiðsluferlið einnig verið endurskoðað og endurbætt til þess að gera vopnaframleiðslu hraðari en hún var áður fyrir, sem hefur þá á sama tíma gert hverjum sem er kleift að smíða sín eigin skotvopn.

Ég hef almennt mjög skiptar skoðanir á opnum gagnabönkum (e. Open Source Libraries). Mér finnst mikilvægt að við deilum þekkingu og að allir hafi opinn aðgang að upplýsingum sem gætu reynst þeim gagnlegar. Upplýsingar og þekking er þó eitthvað sem er hægt að vopnavæða, og þá bókstaflega, það að hver sem er getur aflað sér upplýsinga um hönnun og samsetningu skotvopna verður sí hættulegra og hefur notkun Drauga byssa í glæpsamlegum tilgangi aukist gríðarlega á síðustu árum. Í Kaliforníufylki í Bandaríkjunum eru í kringum 25-50 prósent skotvopna sem fundin eru á vettvangi órekjanlegar byssur.<sup>15</sup> Það er raunveruleiki margra að það er jafn auðvelt að koma höndum sínum á skotvopn og það er að koma þeim á myndavél, þó það sé kannski ekki minn.

---

<sup>14</sup> „Untraceable: The Rising Specter of Ghost Guns“, Everytown Research & Policy, sótt 27. nóvember 2022, <https://everytownresearch.org/report/the-rising-specter-of-ghost-guns/>.

<sup>15</sup> Glenn Thrush, „Ghost Guns“: Firearm Kits Bought Online Fuel Epidemic of Violence“, *The New York Times*, 14. nóvember 2021, sec. U.S., <https://www.nytimes.com/2021/11/14/us/ghost-guns-homemade-firearms.html>.

## 2. Tilkoma myndavélarinnar

Allir að segja sí! Öll þekkjum við þessa setningu. Sem barn hataði ég hana, ég man eftir að hafa falið mig undir óteljandi borðum í barnafmælum til þess að forðast þess að mynd væri tekin af mér. Mér fannst ég svo berskjölduð þegar myndavélinni var beint í andlitið á mér og einhver skipaði mér að brosa. Í mínum augum er gríðarleg valdastaða sem að fylgir því að halda á myndavél, hvort sem að viðfangsefni myndarinnar veit af myndavélinni eða ekki. Með miklu valdi fylgir mikil ábyrgð og myndavélar líkt og skotvopn hafa þann ókost að geta verið notaðar illt. Í þessum kafla verður farið yfir tilgang myndavéla, hvað það er sem við tökum myndir af ásamt því að skoða siðferðislega ábyrgð tengda ljósmyndun og hvernig myndavélin hefur verið vopnavædd.

### 2.1 Af hverju tökum við myndir og af hverju?

Þegar ég geng út í daginn er ég yfirleitt með tvær myndavélar í veskinu mínu, þrjár ef þú telur myndavélina á símanum mínum, ég hef gaman af því að taka myndir af öllu sem ég sé, hvort sem það eru hálfblaut pokémon spil sem liggja um víð og dreif á gangstéttinni eða vinir mínir að njóta góðra stunda saman. Ég er mjög þakklát fyrir það að lifa á 21. öldinni þar sem ég þarf ekki að leita langt til þess að geta fangað augnablik á ljósmynd, og á ég erfitt með að ímynda mér raunveruleika sem býður ekki upp á þann valkost.

Allt frá örófi alda höfum við mennirnir gert allt í okkar valdi til að fanga heiminn í kringum okkur. Við höfum skrifað, grafið, teiknað, málað og svo loks fundið upp myndavélina, ef farið er yfir í fljótu máli. Myndavélar, líkt og skotvopn, koma í öllum stærðum og gerðum, það geta allir fundið eitthvað fyrir sig og eru yfir hundrað mismunandi fyrirtæki sem að framleiða myndavélar og myndavélalinsur í dag.<sup>16</sup> Líkt og með skotvopnaframleiðslu hafa miklar framfarir átt sér stað og það verður sí auðveldara að taka myndir í flýti.

Ég tel að við séum svona heltekin af myndavélinni og því að fanga heiminn í kringum okkur af sömu ástæðu og við erum svo heltekin af skotvopnum; útaf því við erum svo upptekin af sjálfum okkur, af okkar eigin mikilvægi. Okkur þyrstir í að geta stjórnað umhverfinu í kringum okkur. Við tökum myndir til að reyna að frysta tíma sem að líður hjá með hverri sekúndunni. Á vef Florida Museum of Photographic Arts segir:

---

<sup>16</sup> „List of Photographic Equipment Makers“, á *Wikipedia*, 30. ágúst 2022, [https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=List\\_of\\_photographic\\_equipment\\_makers&oldid=1107458417#Camera\\_and\\_lens\\_manufacturers](https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=List_of_photographic_equipment_makers&oldid=1107458417#Camera_and_lens_manufacturers).



Pictures have a way of solidifying our personal experiences, and stories from our point of view. Pictures provide a platform for our individual and unique perceptions of an experience. There is no single story in an image, all of us project our own perceptions fueled by the memories of a particular feeling at the time the picture was taken.<sup>17</sup>

Við tökum myndir því við erum hrædd við að gleyma, sem er vafalaust hluti af okkar mannlega eðli, okkur er ekki ætlað að muna allt. Við tökum myndir af hverfandi augnablikum en náum samt aldrei að fanga raunverulegu upplifunina, en einhvern veginn skiptir það samt ekki máli. Við erum sátt með að líta til baka á myndina og endurupplifa tilfinninguna í brotabrotum. Myndirnar sem við tökum eru ákveðin framlenging af okkur sjálfum, leið fyrir umheiminn til þess að sjá það sem við sjáum, staldra við það sem maður



*Mynd 5: Sprengd súrmjólk á Seyðisfirði*

sjálfur staldrar við, hvort sem það er sprengd súrmjólkurferna á moldugum vegi (mynd 5) eða frægur einstaklingur á víðavangi. Þessi framlenging segir að einhverju leyti til um hvað það er sem þér finnst áhugavert, hvað er þess virði að taka upp myndavélina og smella einni eða jafnvel fleiri myndum.

Engar reglur eru til um hvað það er sem þú átt að taka myndir af, þú sem ljósmyndarinn hefur í raun fullt frelsi til að taka myndir af hverju sem er. Ef að rýnt er í samfélagsmiðla eins og Instagram, einn helsti miðillinn til að deila myndum á netinu, er hægt að er hægt að fá góða innsýn inn í hvað það er sem fólk tekur almennt myndir af. Instagram, líkt og aðrir samfélagsmiðlar, hefur þó þann galla að fólk kýs oftar en ekki að setja fram glansmynd af raunveruleika sínum, sviðsettan heim þar sem allt lítur örlítið betur út en það gerir í raun og veru. Ég get tekið myndir af hverju sem er og sviðsett það eins og mér lystir, en spurningin um hvort ég ætti að taka myndir af hverju sem er situr eftir.

---

<sup>17</sup> „Why Do We Take Pictures? • FMoPA | Florida Museum of Photographic Arts | Tampa, Florida“, sótt 20. október 2022, <https://www.fmopa.org/why-do-we-take-pictures/>.

## 2.2 Siðferði og ljósmyndun

Siðferði spilar mikilvægt hlutverk þegar það kemur að ljósmyndun og það getur verið erfitt að segja til um hvað er rétt og hvað ekki. Í bók sinni *Regarding the Pain of Others* fjallar Susan Sontag um siðferði og ljósmyndun í samhengi við fréttaljósmyndun á stríðstímum, ásamt því að draga í efa skrif Virginu Woolf um sama viðfangsefni. Sontag ræðir hlutverk ljósmyndunar í skilningi okkar á umhverfinu og hvernig ljósmyndir spila stórt hlutverk í því hvernig við munum eftir hlutum:

Nonstop imagery (television, streaming video, movies) is our surround, but when it comes to remembering, the photograph has the deeper bite. Memory freeze-frames; its basic unit is the single image. In an era of information overload, the photograph provides a quick way of apprehending something and a compact form for memorizing it. The photograph is like a quotation, or a maxim or proverb. Each of us mentally stocks hundreds of photographs, subject to instant recall.

Hún talar einnig um hvernig við skiljum stríð og minnumst þeirra í gegnum ljósmyndir af atburðum sem að við upplifðum ekki sjálf. Við fáum í raun að upplifa raunveruleika einhvers annars í gegnum ljósmyndina, þetta getur auðvitað haft góð áhrif og getur kennt manni að þakklæti að vissu leyti, en þá er það spurningin hvort við skoðum þessar myndir út af forvitni eða hvort við viljum í raun og veru reyna að setja okkur sjálf í spor annarra. Erum við að skoða þessar myndir til þess að öðlast betri skilning á landslagi heimsins eða erum við að finna leiðir til þess að upphefja okkar eigið egó?

Góðar ljósmyndir (í samhengi við fréttaljósmyndir í stríðsástandi) eru þær sem eru taldar vera grimmar og heiðarlegar, en samkvæmt Sontag eru þær í raun ekkert nema virðingarleysi. Ef að einhver nákominn þér lætur lífið, er hrottaleg og heiðarleg mynd af dauða þeirra það síðasta sem þú vilt sjá. Þú vilt muna eftir manneskjunni eins og hún var þegar hún var á lífi en ekki líki hennar sem hefur verið fest á mynd. Það er aðeins fólkið sem er tilfinningalega óbundið og nokkuð óhlutbundið sem vill sjá þessar hrottalegu og heiðarlegu myndir.<sup>18</sup> Hvort sem að þér eru sýndar myndir sem að þú vilt ekki sjá eða myndir teknar af þér sem að koma þér í opna skjöldu, eða jafnvel særa orðspor þitt, getur vald myndavélarinnar verið misnotað.

## 2.3 Vopnavæðing myndavéla?

Myndavélar geta verið tól til illsku að ýmsu leyti, þó ekki á sama hátt og skotvopn eiga það til að vera. Þú gætir í raun endað líf einhvers með myndavél, kannski ekki bókstaflega, en

---

<sup>18</sup> Sontag, Susan, *Regarding the Pain of Others*, 2003. (New York: Farrar, e.d.).

þú getur þó haft þau áhrif að einstaklingur sé útskúfaður úr samfélaginu, hvort sem að uppruni myndarinnar sé saklaus eða ekki.

Valdið sem að fylgir myndavélinni er hægt að misnota líkt og allt annað vald sem þú getur öðlast. Ég get miðað að þér myndavél og hót að taka mynd, en ljósmyndir hafa víða verið notaðar sem aðferð til kúgunar, sem gefur til kynna hversu mikið vald í raun og veru fylgir myndavélinni. Hefndarklám er dæmi um hvernig myndavélar, eða ljósmyndir, geta verið notaðar sem tól til illsku. Hefndarklám eða hrelliklám telst undir stafrænt kynferðisofbeldi samkvæmt heimasíðu Áttavitans, þar segir:

Stafrænt kynferðisofbeldi er þegar nektarmyndum eða öðru kynferðislegu efni af annarri manneskju er dreift án hennar samþykkis. Drefingin getur átt sér stað í gegnum netið og utan þess. Stafrænt kynferðisofbeldi getur valdið þeim sem verður fyrir því bæði andlegum og félagslegum skaða. Að deila og dreifa því er alvarlegt brot á einkalífi og frelsi en það er nánast ómögulegt er að taka slíkt efni úr umferð.<sup>19</sup>

Myndunum sem er deilt geta ýmist verið myndir sem að þú sjálfur hefur tekið og deilt með einhverjum eða myndir sem að einhver annar hefur tekið af þér. Undir þessum kringumstæðum er einstaklingurinn sem að hefur aðgang að myndunum í gríðarlegri valdastöðu og getur því kosið að valda miklum skaða ef viljinn er fyrir hendi. Óumbeðnar nektarmyndir teljast einnig undir stafrænt kynferðisofbeldi, en þar er enn fremur hægt að sjá hvernig myndavélin getur sett mann í valdastöðu. Þú getur vísvitandi valið að særa blygðunarkennd viðtakanda.

Myndavélin hefur þó þann kost, ólíkt skotvopnum, að geta verið notuð sem tól, eða vopn, til góðs. Fjöllistamaðurinn Gordon Parks, sem hóf feril sinn sem ljósmyndari upp úr 4. áratug síðustu aldar nýtti myndavélina einmitt til þess. Parks varð heillaður af ljósmyndun þegar hann komst í kynni við ljósmyndir í tímariti, sem teknar voru af farandverkafólki. Fyrir honum var augljóst vald sem að fylgdi myndavélinni, hann sagði „I saw that the camera could be a weapon against poverty, against racism, against all sorts of social wrongs. I knew at that point I had to have a camera.“ Parks ólst upp við fátækt og sá þá myndavélina sem ákveðna leið út. Hann gat notfært sér hana til þess að upplýsa umheiminn um ástand samfélags síns og varpað ljósi á vandamál með því einu að taka upp myndavélina.<sup>20</sup>

<sup>19</sup> Sindri, „Hrelliklám“, *Áttavitinn.is* (blogg), 4. apríl 2017, <https://attavitinn.is/heilsa/stafrænt-kynferdisofbeldi/>.

<sup>20</sup> „Biography - The Gordon Parks Foundation“, sótt 27. nóvember 2022, <https://www.gordonparksfoundation.org/gordon-parks/biography>.

### 3. Samtvinning


Það er ekki einungis hvernig við notum skotvopn og myndavélar, heldur hefur tæknin á bak við þessa tvo hluti meira sameiginlegt en maður myndi halda. Á 19. öld þróaðist tækni þessara tveggja hluta samhliða hvorum öðrum.<sup>21</sup> Augljósasta ummerki þess er tungumálið, þar sem sami orðaforði er notaður í samhengi við báða hluti, hlaða (e. load), miða (e. point) og skjóta (e. shoot). Þegar þeir komu fyrst fram á sjónarsviðið voru flóknir ferlar sem fólu í sér samsetningu margra þátta þegar á vettvang var mætt, en með auknu mikilvægi þeirra innan samfélagsins og þörf á meiri hraða voru fundnar upp leiðir til þess að einfalda notkun þeirra og urðu þá forpökkuð skotfæri og ljósmyndafilmur til um svipað leyti.<sup>22</sup> Í þessum kafla mun ég skoða mismunandi myndavélabyssur og áhrif þeirra á listheiminn ásamt því að setja skotvopn og myndavélar undir sameiginlegan smásjá og bera hlutina tvo saman.

#### 3.1 Byssur sem taka myndir og áhrif þeirra á listheiminn

Þegar litið er á skotvopn og myndavélar samhliða hvoru öðru í dag er erfitt að sjá í fljótu bragði að þessir tveir hlutir eigi eitthvað sameiginlegt, en það hefur ekki alltaf verið raunin. Undir lok 19. aldar fóru myndavélabyssur að stíga fram á sjónarsviðið, útlitsleg ásýnd þeirra var á við skotvopn og var því erfitt að greina þeirra á milli.



Mynd 7: Teikning af raðljósmyndabyssunni í notkun.



Mynd 6: Teikning af raðljósmyndabyssunni.

<sup>21</sup> „László Moholy-Nagy: The Juxtaposition of Camera & Gun“, camera-sly, 8. desember 2017, <https://pravin73.wixsite.com/camera-sly/single-post/2017/12/09/laszlo-moholy-nagy-the-juxtaposition-of-camera-gun>.

<sup>22</sup> Lewis Bush, ‘Camera-Gun, Gun-Camera: A Short History of Shooting’, *Disphotic* (blogg), 27. apríl 2013, <http://www.disphotic.com/camera-gun-gun-camera-a-short-history-of-shooting/>.

Forveri kvikmyndavélarinnar leit dagsins ljós árið 1882, myndavél sú nefndist *the Chronophotographic Gun* eða raðljósmynda byssan og var hönnuð af franska vísindamanninum/lækninum Étienne Jules Marey. Þegar litið er á myndavélina, eða „byssuna“ eins og hún var kölluð, úr fjarska minnir hún allra helst á skotvopn (myndir 6-7). Henni var beint að myndefninu líkt og byssu var miðað á bráð. Myndavélin virkaði í raun á mjög svipaðan máta og hinn hefðbundni riffill. Hún var með grip, hólk, og snúningstrommu, en í stað þess að snúningstromman innihéldi byssukúlur voru þar ljósmyndaplötur. Myndavélin tók 12 myndir á sekúndu (seinna meir urðu þær fleiri) sem allar röðuðust hver ofan á aðra. Þessa tækni þróaði Marey til þess að auðvelda sér rannsóknir á hreyfingu á dýrum sem og mönnum. Í dag þegar myndir eru teknar er yfirleitt ýtt á einfaldan takka sem að tekur svo myndina, en á raðljósmynda byssunni var það gíkkur, og er því hægt að halda því fram að Marey hafi í raun og veru verið að „skjóta“ myndefnið.<sup>23</sup>

Útkoman úr raðljósmynda byssunni voru gríðarlega fallegar ljósmyndir sem að hafa veitt hönnuðum og listamönnum gríðarlegan innblástur í gegnum tíðina.<sup>24</sup> Þrátt fyrir að telja sjálfan sig ekki hæfan til að gefa frá sér neinar fagurfræðilegar yfirlýsingar, þar sem hann var ekki listamaður sjálfur, sá Marey samt fram á áhrifin sem raðljósmyndun gæti haft á listsköpun. Kjarninn í fagurfræðilegum hugmyndum Marey var ekki ólíkur hugmyndum enska ljósmyndarans Eadweard Muybridge, sem þekktur er fyrir að vera brautryðjandi þegar það kemur að ljósmyndum af hreyfingu og kvikmyndavörpun. Þeir voru báðir á þeirri skoðun að myndir sem hefðu verið teknar af myndefni á hreyfingu hefðu oftast sýnt fram á myndefnið í uppstilltum stellingum, sem forðuðust hvers kyns ofbeldisfullar eða ýktar útlitsmyndir og höfðu þess í stað tilhneigingu til að sýna einungis fram á stig hreyfinga í eða nálægt lokastöðu þeirra. Það sem tækni Marey leiddi af sér var algjörlega nýtt sett af táknum fyrir framsetningu á tíma, rými og hreyfingar innan nútímalistsköpunar. Ég vil meina að myndir hans hafi að einhverju leyti frelsað upp ljósmyndaformið sjálft, frá því að vera uppstilltar ljósmyndir yfir í hrárra og hraðari ljósmyndun almúgans í 21. aldar samfélagi. Óháð hinum miklu áhrifum sem Marey er talinn hafa haft á list er hann talinn hafa verið hálf afsakandi yfir því að hafa skapað nýja

---

<sup>23</sup> Tabea Tietz, „Étienne-Jules Marey and the Chronophotographic Gun“, *SciHi Blog* (blogg), 15. maí 2016, <http://scihi.org/etienne-jules-marey-chronophotographic-gun/>.

<sup>24</sup> „The Scientist Who Shot His Photos with a Gun and Inspired Futurism“, sótt 7. nóvember 2022, <https://hyperallergic.com/197464/the-scientist-who-shot-his-photos-with-a-gun-and-inspired-futurism/>.

tegund ljósmynda sem stakk algjörlega í stúf við þær sem viðurkenndar voru af listamönnum hans tíma.<sup>25</sup>

Við upphaf 20. aldar, þegar fyrri heimsstyrjöldin geisaði, var mikil áhersla lögð á þjálfun skotsveita orrustuþota. Erfiðara var að þjálfna slíkar sveitir en aðrar þar sem orrusturnar áttu sér stað í háloftunum. Ein af lausnunum við þessum vanda var að hanna myndavél í formi byssu, *The Hythe MKIII* var ein af fyrstu sinnar gerðar til að stíga fram á sjónarsviðið. Hún gerði það að verkum að skotsveitir háloftanna gátu æft sig í orrustu án þess þó að skjóta nokkurn niður úr himnum ofan. Mikill metnaður var lagður í að hanna Hythe MKIII byssuna, markmiðið var að hún yrði eins lík raunverulegu *Lewis Gun*, sem var algengasta byssan í notkun hjá breskum og bandarískum hersveitum. (myndir) Hythe MKIII var stjórnað á sama máta og Lewis vélbyssu, hana var hægt að festa á eftir vængi þotnanna, og líkt og á raðljósmynda byssu Marey var ljósopinu stjórnað af gíkk, þar að auki færðist filman með eftirlíkingu af hleðsluhandfangi Lewis byssunar, þannig skytturnar lærðu að hlaða byssuna samhliða því að æfa sig í að miða. Myndirnar sem komu úr Hythe myndavélinni gáfu til kynna hversu nákvæmt hermenn háloftanna skutu.<sup>26</sup>

### 3.2 Beinagrindin

Til þess að kafa dýpra í samlífi myndavéla og skotvopna er áhugavert að skoða hvernig þessir tveir hlutir eru settir saman og hvernig þeir virka. Í þessum kafla mun ég bera saman filmumyndavélar og *Glock* byssu og velta fyrir mér hvort það sé að einhverju leyti hægt að líkja hlutunum saman ásamt því að reyna að finna ummerki um sameiginlega þróunarsögu þeirra.

Líkt og ég minntist á fyrr í ritgerðinni þá eru tvær megin stoðir skotvopna ramminn og móttakarinn. Þessir tveir hlutar gegna því hlutverki að hýsa alla þá hluti sem að gera skotvopn að skotvopnum, en eru þó ekki taldir vera það sem gerir skotvopn að skotvopni, það sama væri hægt að segja um myndavélar. Ef að litið er yfir listann af hlutum sem að gera Canon ae1 filmuvélina að myndavél er skelin utan um hlutina ekki þar með talin. Þ.e. skelin utan um myndavélina sjálfa er í rauninni ekki myndavélin.<sup>27</sup>

---

<sup>25</sup> Aaron Scharf, „Marey and Chronophotography“, *Artforum*, september 1976, <https://www.artforum.com/print/197607/marey-and-chronophotography-37960>.

<sup>26</sup> „Hythe Mk III Gun Camera“, *Forgotten Weapons*, 8. febrúar 2013, <https://www.forgottenweapons.com/accessories/hythe-mk-iii-gun-camera/>.

<sup>27</sup> „Canon Knowledge Base - AE-1: Here Is a List of the Parts and Controls - Nomenclature“, sótt 22. nóvember 2022, <https://support.usa.canon.com/kb/index?page=content&id=ART119700>.

Bæði skotvopn og myndavélar eru hönnuð á þann máta að einn atburður setur af stað röð atburða. Á skotvopnum var hannaður gikkur, en á myndavélum var það einfaldað í takka, sem oft er kallaður *trigger* (e. gikkur) í enskumælandi löndum. Atburðarásin sem hefst í skotvopnum þegar í gikkinn er togað er yfirleitt sú sama á milli skotvopna, en hér verður ítarlega farið yfir notkun á Glock byssunni. Til þess að skjóta út Glock þarf fyrst og fremst að setja skot í byssuna. Skotin eru geymd í einhverju sem kallast magasín (e. magazine), sem er hólkur sem settur er inn í handfang byssunar. Þegar í gikkinn er togað togar gikkstöngin (e. Trigger bar) kveikipinnan (e. firing pin) aftur, tengillinn (e. connector) sem tengir saman kveikipinnann og gikkinn ýtir svo gikkstönginni niður sem gerir það að verkum að kveikipinninn færir áfram og kemst í snertingu við hvellhettuna (e. bullet primer). Við þetta kviknar í byssupúðrinu og myndast lítil sprenging, út frá henni myndast gríðarlegur þrýstingur, sem knýr skotið áfram og gerir byssukúlunni kleift að losna frá skotinu og skjótast niður hlaup byssunnar og ferðast í átt að skotmarki.<sup>28</sup>

Ég vil meina að það sé hægt að líkja magasíni við filmur eða minnskort í myndavélum. Filmur og minnskort eru þeir hlutir sem að geyma ljósmyndirnar sjálfar, líkt og magasín geymir skot. Helsti munurinn þar á milli er að á skotvopnum skýst skotið út en á myndavélum skýst það inn. Það eru margir flóknir vísindalegir ferlar sem að eiga sér stað sem að gera okkur kleift að festa myndir á filmu. Í fljótu bragði virka filmumyndavélar svona: Til þess að taka mynd ýtir maður á takka sem gerir það að verkum að ljósop myndavélarinnar opnast, þetta hleypir ljósi inn sem lendir svo á filmunni sem hvílir aftast í skel myndavélarinnar. Filman er ljósnæm og þarf lítið ljós til þess að virka, of mikið ljós gerir það að verkum að filman nær ekki að fanga mynd. Til þess að taka nýja mynd þarf, líkt og á skotvopnum, að hlaða á ný.<sup>29</sup>

Ef að við segjum að filmur séu magasínið, þá hlýtur ljósmyndin sjálf að vera skotið, þessi rök er að einhverju leyti hægt að styðja með hvernig við notum tungumálið, meðal annars með setningunni „að ná réttu skoti“, þegar verið er að taka mynd. Líkt og ég minnst á fyrr í ritgerðinni þá urðu forpökkuð skot og filmur til um sama leyti, að mínu mati eru ummerki þess augljós þar sem að þakningarnar utan um bæði byssukúlur (þá aðallega haglaskot) og filmur eru ansi lík. Báðir hlutir eru geymdir í sívala hólkum (mynd 8) áður en að skoti er hleypt af.

<sup>28</sup> *How a Glock Works*, 2019, <https://www.youtube.com/watch?v=V2RDitgCaD0>.

<sup>29</sup> „Film Photography | Complete Beginner’s Guide | Adobe“, sótt 3. desember 2022, <https://www.adobe.com/creativecloud/photography/discover/film-photography.html>.



*Mynd 8: Til vinstri: Haglaskot,  
til hægri hólkur utan um filmur*

Þar sem að pabbi minn er „byssukall“ á hann sitt safn af bæði skotvopnum og öðrum aukahlutum tengdum þeim. Í rannsóknarvinnunni gerði ég mér ferð inn í geymslu heima hjá honum þar sem við tókum meðal annars í sundur nokkur mismunandi skotvopn. Í þessum rannsóknarleiðangri skoðaði ég einnig mismunandi tegundir af sjónaukum og skotum. Það sem mér fannst áhugaverðast við þessa rannsókn var að þegar ég tók upp byssuna hans þurfti ég að leggja kinn mína upp að skafti byssunnar til þess að sjá í gegnum sjónaukan og loka vinstra auganu. Tilfinningin sem ég upplifði var ansi lík þeirri sem ég fæ þegar ég horfi í gegnum sjáaldur á myndavél. Andlit mitt er klesst upp við myndavélina og ég þarf að loka öðru auganu til þess að sjá út. Helsti munurinn var að skotvopn eru talsvert þyngri en hefðbundnar myndavélar, en þessi ritúali (e. ritual) sem að á sér stað var á einhvern hátt hinn sami.



## Lokaorð

Þegar ég hugðist fyrst ætla að skrifa BA ritgerð tengda skotvopnum var ég óviss um hvar hún myndi enda og hverju ég myndi í raun komast að. Í rannsóknarvinnunni lærði ég mikið um skotvopn, meira en er kannski þarft fyrir manneskju sem hyggst verða grafískur hönnuður. Skotvopn eru þó gríðarlega stór stoð í okkar nútímasamfélagi og hafa verið í óralangan tíma, fannst mér því vert að tækla þau sem hluta af viðfangsefni mínu.

Hugmyndin um að bera saman skotvopn og myndavélar spratt í raun upp eftir að hafa verið að fræða mig um skotvopn, ég var orðin svo djúpt sokkin í heim skotvopnana að hvert sem ég leit fannst ég mér sjá skotvopn, allt var orðið að skotvopnum. Það var svo sem ég tók upp myndavél og ætlaði að taka mynd af vinkonu minni, en um leið og myndavélin kom í hennar augnsýn skýldi hún sér, líkt og ég væri að miða að henni vopni.

Í inngangi ritgerðarinnar lagði ég fram spurninguna: Er hægt að líkja myndavélum við skotvopn? Svarið við þessari spurningu kann að vera huglægt, en að mínu mati ber mér að svara játandi, þar sem ég tel að mikið af eiginleikum skotvopna er hægt að endurspeglar í myndavélum, hvort sem það er vélbúnaðurinn sjálfur eða viðhorfið til hlutanna. Það er margt sem að skilur þessa tvo hluti að en á sama boginn eiga þeir meira sameiginlegt en maður myndi halda. Það kom mér á óvart í rannsóknarvinnunni hversu oft líking hefur verið dregin á milli skotvopna og myndavéla og hversu langt það er hægt að ganga í samlíkingunni á milli þeirra.

Skotvopn hafa gríðarlega langa og flókna sögu að rekja, þau hafa tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar og hefur dreifing þeirra innan samfélagsins aukast gríðarlega á síðustu árum og áratugum. Skotvopn eru eitthvað sem við erum öll vör við, hvort sem það er í dægurmenningu eða í raunveruleikanum, skotvopn eru alls staðar, mér fannst því mikilvægt að skoða hlutverk myndavélarinnar frekar en þróunarsögu hennar, þar sem myndavélin er svo alls ráðandi innan okkar nútímasamfélags, hún tekur mikið pláss og spilar lykilhlutverk í framsetningu okkar á okkur eigin sjálfi.

Frá því að ég byrjaði að skrifa þessa ritgerð hef ég skrásett hjá mér í hvert einasta skipti sem að ég hef verið meðvituð um að einhver hefur notað orðalag sem tengist skotvopnum, miðað fingrabýssum að mér eða lesið frétt um skotvopn (óháð rannsóknarvinnunni), auk þess að telja í hvert skipti sem ég hef tekið eftir notkun myndavéla, þar að auki notkun „byssutungumáls“ í samhengi við myndatöku. Listinn er

gríðarlega langur en það sem myndavélar og skotvopn eiga kannski helst sameiginlegt er að ef þú gefur þér tíma og staldrar við munt þú taka eftir hugmyndinni um þau alls staðar.

## Heimildaskrá

- Amnesty International. „Killer Facts: The Scale of the Global Arms Trade“, 22. ágúst 2016. <https://www.amnesty.org/en/latest/press-release/2016/08/killer-facts-the-scale-of-the-global-arms-trade/>.
- „Biography - The Gordon Parks Foundation“. Sótt 27. nóvember 2022. <https://www.gordonparksfoundation.org/gordon-parks/biography>.
- Bush, Lewis. „Camera-Gun, Gun-Camera: A Short History of Shooting“. *Disphotic* (blogg), 27 April 2013. <http://www.disphotic.com/camera-gun-gun-camera-a-short-history-of-shooting/>.
- „Canon Knowledge Base - AE-1: Here Is a List of the Parts and Controls - Nomenclature“. Sótt 22. nóvember 2022. <https://support.usa.canon.com/kb/index?page=content&id=ART119700>.
- Everytown Research & Policy. „Untraceable: The Rising Specter of Ghost Guns“. Sótt 27. nóvember 2022. <https://everytownresearch.org/report/the-rising-specter-of-ghost-guns/>.
- „Film Photography | Complete Beginner’s Guide | Adobe“. Sótt 3. desember 2022. <https://www.adobe.com/creativecloud/photography/discover/film-photography.html>.
- Forgotten Weapons. „Hythe Mk III Gun Camera“, 8. febrúar 2013. <https://www.forgottenweapons.com/accessories/hythe-mk-iii-gun-camera/>.
- „Global Firearms Holdings“. Sótt 1. desember 2022. <https://www.smallarmssurvey.org/database/global-firearms-holdings>.
- Hayward, J F. „The Decoration of Firearms in the Sixteenth and“, e.d., 8.
- Hershberger, Kevin R., leikstjóri. *Guns: The Evolution of Firearms*. Fyrsta þáttaröð, fyrsti þáttur, „From the Invention of Gunpowder.“ Frumsýnt 8. janúar, 2013, LionHeart FilmWorks, [https://www.youtube.com/watch?v=lah\\_J8Lj3eg](https://www.youtube.com/watch?v=lah_J8Lj3eg)
- How a Glock Works*, 2019. <https://www.youtube.com/watch?v=V2RDitgCaD0>.

Kjarninn. „Margar byssur í íslenskum undirheimum“, 27. október 2014.

<https://kjarninn.is/skyring/margar-byssur-i-islenskum-undirheimum-2/>.

„László Moholy-Nagy: The Juxtaposition of Camera & Gun“. camera-sly, 8. desember

2017. <https://pravin73.wixsite.com/camera-sly/single-post/2017/12/09/laszlo-moholy-nagy-the-juxtaposition-of-camera-gun>.

„List of Photographic Equipment Makers. á *Wikipedia*, 30. ágúst 2022.

[https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=List\\_of\\_photographic\\_equipment\\_makers&oldid=1107458417#Camera\\_and\\_lens\\_manufacturers](https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=List_of_photographic_equipment_makers&oldid=1107458417#Camera_and_lens_manufacturers).

## Myndaskrá

Mynd 1: Viollet-le-Duc. *Handfallbyssá*. Teikning. Sótt 20. nóvember á

[https://en.wikipedia.org/wiki/Hand\\_cannon](https://en.wikipedia.org/wiki/Hand_cannon)

Mynd 2: Viollet-le-Duc. *Hakabyssa*. Teikning. Sótt 20. nóvember á [https://www.tfcg.ca/old-](https://www.tfcg.ca/old-occupation-arquebusier)

[occupation-arquebusier](https://www.tfcg.ca/old-occupation-arquebusier)

Mynd 3: Ninna Björk Ríkharðsdóttir. *Byssa framleidd og skreytt af Razorback Armory*.

Skjáskot af heimasíðu Razorback Armory.

Mynd 4: *Skotvopn skreytt með mynstursbökk*. Ljósmynd. Sótt 7. desember á

<https://www.guns.com/news/2012/09/18/having-your-guns-engraved>

Mynd 5: Ninna Björk Ríkharðsdóttir. *Sprengd súrmjólk á Seyðisfirði*. Ljósmynd. Mynd úr einkasafni höfundar.

Mynd 6: *Illustration of the chronophotographic gun from La Nature n. 464, 22 April 1882,*

*p. 326*. Teikning. Sótt 8. desember á [http://scihi.org/etienne-jules-marey-](http://scihi.org/etienne-jules-marey-chronophotographic-gun/)

[chronophotographic-gun/](http://scihi.org/etienne-jules-marey-chronophotographic-gun/)

Mynd 7: Louis Poyet. *Raðljósmyndabyssan*. Rista. Sótt 15. nóvember á

[https://en.wikipedia.org/wiki/Chronophotographic\\_gun](https://en.wikipedia.org/wiki/Chronophotographic_gun)

Mynd 8: Ninna Björk Ríkharðsdóttir. *Hylki*. Ljósmynd. Mynd úr einkasafni höfundar.